

Nd.

364. Frumvarp til laga

[180. mál]

um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10 1960.

Frá Garðari Sigurðssyni.

1. gr.

- Á eftir 15. tölulið 6. gr. laganna bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:
16. Kjöt og kjötvörur.
  17. Raforkusala frá rafmagnsveitum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verðbólgan og lágur kaupmáttur almennra verkalauna eru höfuðvandamál þjóðfélagsins um þessar mundir, og fátt eitt hefur verið gert til þess að ráðast að þessum vanda. Með frumvarpi þessu er aðeins snúið gegn einum þætti þessa samtvinnnaða viðfangsefnis. Gifurleg gjaldtekja ríkisins með óbeinum sköttum, sem leggjast á vörur og þjónustu sem allir landsmenn nota, er mikill verðbólguvaldur og bitnar auk þess þyngst á þeim, sem minnst hafa milli handa.

Kjöt og kjötvörur eru ásamt fiski brýnustu nauðsynjar almennings. Með því að kjöt er greitt niður er það algjör þversögn að leggja ofan á söluverð þess 20% söluskatt. Skattheimta af þessu tagi eykur að sjálfsögðu verðbólgu, eins og áður er sagt, en hefur auk þess þau áhrif að draga úr neyslu innanlands, sem aftur þýðir að enn meiri útflutningsbætur þarf að greiða á kjöt, sem selt er úr landinu.

Um rafmagnið er það að segja, að það er ein brýnasta nauðþurft í nútíma þjóðfélagi, þess þurfa allir með. Því miður er rafmagn ekki enn selt á sama verði um land allt, en að því verður að stefna sem fyrst.

Útsöluverð á rafmagn er hærra hér en erlendis, þótt framleiðslukostnaður þess sé lægri hér en ytra. Kemur þar ekki síst til óeðlileg gjaldtaka hins opinbera af raforkunni með álögðum söluskatti; er söluskattur af útseldri orku margfalt hærri á kWst. en sjálft orkuverðið sem útlendingar greiða hér á landi.

Afnám söluskatts á raforku ætti bæði að draga úr verðbólgu og vera einn liður í því að minnka þá dýrtið, sem þjóðin á nú við að búa. Niðurfelling þessarar skattheimtu kemur þeim best sem minnst hafa ráðstöfunarfjár, svo sem jafnan er við lækkun flatrar skattheimtu.